

Ár 2005, þriðjudaginn 10. maí, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) haldið af Halldóri Halldórssyni dómara í dómstól ÍSí.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 5/2005

Krafa Lyfjaráðs ÍSí um að

Ólafur Aron Ingvason

verði dæmdur í keppnisbann.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

## DÓMUR

### I

Mál þetta er höfðað með kæru Lyfjaráðs ÍSí dagsettri og móttækinni af skrifstofu ÍSí 19. apríl sl.

Kærður er Ólafur Aron Ingvason kt. 060184-3219, skráður félagi í Ungmennafélagi Njarðvíkur. (UMFN)

#### **Kröfur kæranda.**

Þess er krafist að Dómstóll ÍSí dæmi kærðu til tveggja ára óhlutgengis til þátttöku í æfingum, keppnum og sýningum á vegum ÍSí, sambandsaðila ÍSí eða félaga eða deilda innan þeirra. Þá er þess krafist að kærði verði sviptur rétti til að gegna trúnaðarstörfum fyrir ÍSí, sambandsaðila þess eða félög eða deildir innan þeirra í tvö ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Halldór Halldórsson dómari í Dómstól Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands fékk mál þetta til afgreiðslu 19. apríl sl.

Eftirtalin skjöl hafa verið lögð fram. Nr. 1 kæra. Nr. 2 bréf Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSí til Lyfjaráðs ÍSí dags. 15. apríl 2005. Nr. 3. lyfjaeftirlitsblað nr. 983 varðandi töku sýnis. Nr. 4. bréf Karolinska University hospital dags. 1. apríl 2005. Nr. 5 útprentun úr gagnagrunni ÍSí varðandi UMFN. Nr. 6 móttökukvittun dags. 4. apríl sl. Nr. 7 móttökukvittun dags. 14. apríl sl. Nr. 8 úrskurður dómsins varðandi bráðabirgðabann. Nr. 9 boðunarbréf dómsins. Nr. 10 móttökukvittun.

### II

Í kæru er málavöxtum lýst þannig, að kærði var boðaður í lyfjaeftirlit þann 13. febrúar 2005 að loknum úrslitaleik í bikarkeppni karla í körfuknattleik. Kærði gekkst

undir lyfjæftirlitið og gaf þvagsýni (A- og B sýni). Sýnið var síðan sent til greiningar á rannsóknarstofu Karolinska sjúkrahússins í Huddinge í Svíþjóð. Niðurstaða greiningar á A-sýni bárust Lyfjæftirlitsnefnd ÍSÍ 1. apríl sl. Niðurstöður sýndu að sýnið innihélt amfetamín og methyl-amfetamín (auk afleiddra efna), ásamt tetrahydrokannabinol (kannabisefni), en öll þessi efni er að finna á lista WADA (World anti doping agency) yfir bönnuð efni og aðferðir (bannlista WADA).

Í gögnum málsins kemur fram að af hálfu Lyfjaráðs ÍSÍ var haft samband við kærða og honum gerð grein fyrir niðurstöðu rannsóknarinnar strax þann 1. apríl sl. Kærði óskaði eftir að B-sýni yrði einnig greint og var það gert. Niðurstöður greiningar B-sýnisins bárust Lyfjæftirlitsnefnd ÍSÍ þann 12. apríl sl. og staðfestu þær í öllum atriðum greiningu á A-sýninu. Kærða var gerð grein fyrir niðurstöðu rannsóknar á B-sýni símléiðis þann 14. apríl sl. og niðurstöður afhentar honum formlega daginn eftir.

Í samræmi við ákvæði greinar 27.5 var kærða gefinn kostur á að skila greinargerð en það gerði hann ekki. Jafnframt var kærði boðaður til þinghalds er málið var þingfest þann 6. maí sl. og sótti hann þá þing ástamt Örvari Kristjánssyni. Kærði játaði í þinghaldinu að hafa tekið inn þau efni er fundust í sýni hans en hann sagðist ekki hafa tekið þau í þeim tilgangi að bæta sig í íþróttum. Þá var af hans hálfu gerð grein fyrir persónulegum högum hans þegar atvikið átti sér stað og aðstæðum hans í dag. Kærði kvaðst vera mjög miður sín yfir að hafa gert þetta. Af hálfu kæranda var vísað til framlagðra gagna. Að því búnu var málið tekið til dóms.

### III

Kærandi bendir á að samkvæmt grein 43.2. í lögum ÍSÍ þá gildi bannlisti WADA innan ÍSÍ og eigi þannig við alla skráða félagsmenn í félögum innan sambandsaðila ÍSÍ, sbr. grein 43.3.a. Samkvæmt ákvæðum greinar 44.1 sé lyfjamisnotkun bönnuð og að brot teljist framið ef efni sem er bannað samkvæmt lista WADA, finnst í líkama eða líkamsvökvum íþróttamanns við lyfjæftirlit, grein 44.1.a. Kærandi telur sannað að kærði hafi gerst sekur um lyfjamisnotkun. Hvað refsingu varðar vísar kærandi til 45.4. gr. í nefndum lögum ÍSÍ. Kærandi vísar til þess að samkvæmt nefndri grein 45.4 skuli refsing fyrir fyrsta brot á grein 44.1.a vera tveggja ára óhlutgengi til þátttöku í æfingum, keppni og sýningum innan íþróttahreyfingarinnar. Kærandi bendir á að samkvæmt grein 45.7 sé heimilt að uppfylltum ákveðnum skilyrðum að beita vægari refsingum ef brot varða efni sem veruleg hættu er á að íþróttamenn misnoti án ásetnings eða líkur eru ekki miklar á að þau verði misnotuð á árangursríkan hátt og sérstaklega eru tilgreind þannig á bannlista WADA,

en methyl-amfetamín og kannabísefni eru meðal þeirra efna. Eitt hinna bönnuðu efna sem fundust í umræddu sýni kærða, amfetamín, er hins vegar ekki meðal hinna sérstaklega tilgreindu efna. Vegna þess að amfetamín fannst í sýni kærða telur kærandi ekki heimilt að beita vægari refsingu í máli þessu. Telur hann því ljóst að grein 45.7. skipti ekki máli við ákvörðun refsingar í máli þessu.

Að mati kæranda er nauðsynlegt að þeir sem gerast sekir um misnotkun lyfja gegni ekki trúnaðarstörfum innan Íþróttahreyfingarinnar á sama tíma og þeir eru í æfinga og keppnisbanni. Þá telur kærandi að slíkt bann sé til þess fallið að auka traust almennings á Íþróttahreyfingunni.

#### IV

Þess er áður getið að kærði hefur ekki haldið uppi vörnum í málinu en hann sótti þing og gerði grein fyrir aðstæðum sínum og rakti sjónarmið sín varðandi refsingu.

Af gögnum málsins verður ráðið að kærði neytti þeirra efna sem fundust í sýni er hann gaf við lyfjaeftirlit og áður hafa verið nefnd. Efnin eru á bannlista WADA og amfetamín er eitt þeirra efna sem ekki falla undir grein 45.7. Er því ótvírætt að kærði hefur gerst sekur um brot á grein 44.1.a í lögum ÍSÍ. Samkvæmt ákvæðum greinar 45.4. nefndra laga ÍSÍ skal refsing fyrir fyrsta brot á grein 44.1.a vera tveggja ára óhlotgengi til þátttöku í æfingum, keppni og sýningum sem fram fara á vegum ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra. Kærði hefur ekki áður verið fundinn sekur um misnotkun lyfja. Samkvæmt framanrituðu ber að fallast á kröfu kæranda um tveggja ára keppnisbann. Lög og reglur ÍSÍ heimila ekki að hafa bannið styttra en til tveggja ára. Er þannig óheimilt að stytta bann vegna ungs aldurs, vanþekkingar eða annarra aðstæðna sem geta átt við í einstaka málum. Bannið gildir frá 1. apríl sl. en þann dag var kærði úrskurðaður í fjögurra vikna bann.

Í dómi Dómstóls ÍSÍ í máli nr. 6/2003 var fallist á kröfu þess efnis að dæma einstakling, sem fallið hafði á lyfjaprófi, tímabundið til útilokunar frá trúnaðarstörfum fyrir Íþróttahreyfinguna. Í nefndum dómi var því jafnframt slegið föstu að ekki þyrfti í öllum tilfellum að fara saman lengd keppnisbanns og lengd banns við því að gegna trúnaðarstörfum. Fallast ber á kröfu kæranda og en rétt þykir að það bann gildi til 1. apríl 2007 er keppnisbann kærða fellur úr gildi.

Halldór Halldórsson dómari í dómstól ÍSÍ kveður upp dóm þennan.

Skrifstofa ÍSÍ mun annast birtingu dómsins fyrir kærða og tilkynna KKÍ og Ungmennafélagi Njarðvíkur um niðurstöðu dómsins.

**DÓMSORÐ**

Kærði, Ólafur Aron Ingvason, kt. 060184-3219, er óhlutgengur til þátttöku í æfingum, keppnum og sýningum á vegum ÍSÍ, sambandsaðila ÍSÍ eða félaga eða deilda inna þeirra í tvö ár frá og með 1. apríl 2005.

Kærði er útilokaður frá trúnaðarstörfum fyrir ÍSÍ, sambandsaðila ÍSÍ eða félaga eða deilda inna þeirra í tvö ár frá og með 1. apríl 2005

Halldór Halldórsson